



GREINARGERÐ

Dagsetning: 18. mars 2025

Höfundur: Aldís Erna Pálsdóttir, Svenja Auhage, Guðmundur A. Guðmundsson

Viðtakandi: Áhugafólk um fuglarannsóknir

Efni: Árleg stofnvísitala algengra veturseturfugla á Íslandi 1960–2024

Vetrarfuglatalningar eru lengsta samfellda vöktun á íslenskum fuglum sem stunduð hefur verið hér á landi og sú sem tekur til flestra fuglategunda. Talið hefur verið frá árinu 1952 og frá upphafi hafa áhugamenn unnið þetta verk í sjálfboðavinnu og á annað hundrað manns taka þátt. Talningar fara fram á föstum dögum í kringum áramót. Árið 2024 var talið helgina 28.–29. desember.

Markmið vetrarfuglatalninga er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi. Talningar eru staðlaðar og nýttast til vöktunar einstakra stofna. Flest talningarsvæðin eru staðsett við ströndina. Við útreikninga er notast við mælieininguna fuglar/km gengin á sniðum sem eru við strandlengjuna. Með því að nota svokallaða TRIM-aðferð er hægt að reikna vísitölu fyrir hvert ár þó svo að talningar vanti af tilteknum svæðum. Hér er miðað við árið 2005 sem grunngildi (e. base year) og er vísitalan sett sem 1, og gildi annarra ára miðast við þetta grunngildi.

Niðurstöður síðustu ára sýna að miklar breytingar eru að eiga sér stað í ákveðnum hópum fugla. Af sjófuglum fækkaði fýl verulega til aldamóta en hefur staðið í stað síðan þá (1. mynd). Þar sem fýlar hverfa að mestu frá landinu á veturnar er ólíklegt að þetta gefi góða mynd af stofnstærðarbreytingum hér við land. Bæði dílaskarfur og toppskarfur virðast standa ágætlega í sögulegu samhengi og er það í samræmi við rannsóknir á hreiðurfjölda skarfa (Sjá: [Skarfar rétta aftur úr kútnum](#)). Árið 2023 gengu tvær lægðir yfir landið sem skoluðu burt heilu skarfabbyggðunum og sama ár sjást lægstu gildi fyrir báðar skarfategundir í vetrarfuglatalningum yfir síðustu tvo áratugi (2.–3. mynd). Teistustofn virðist á hægri uppleið (4. mynd), en þess má geta að teista var friðuð fyrir skotveiðum árið 2017 (sjá: [Teista friðuð fyrir skotveiðum](#)).

Hjá máfum má sjá mikla fækkun hjá svartbaki, hettumáfi og hvítmáfi (5.–7. mynd) meðan bjartmáfi og stormmáfi fjölga (8.–9. mynd) og silfurháfur stendur í stað (10. mynd). Óvíst er um ástæður fækkunar í áðurnefndum tegundum en leiða má líkur að því að hún tengist annaðhvort breytingum á fæðuframboði eða ofsóknum í þeirra garð.

Mikið af vatnafuglum dvelja við ströndina á veturnar og ná vetrarfuglartalningar því vel yfir stofnbreytingar. Æðarfugl virðist á hægri niðurleið eftir að hafa náð hámarki rétt fyrir aldamót (11. mynd). Þó ber að nefna að æðarfugl er fjölfiðasta andategundin í vetrarfuglatalningum en yfir 60.000 fuglar sjást ár hvert. Álfum fjölga og sama má segja um grágæs, rauðhöfðaönd og urtönd (12.–15. mynd). Flestar andartegundir sýna þó litlar breytingar á síðustu árum en straumönd, toppönd, gulönd, hávella, skúfönd og stokkönd standa í stað (16.–21. mynd).

Brúsarnir, lómur og himbrimi, sýna litlar breytingar (22.–23. mynd).

Fálkum hefur fækkað mikið síðustu 5 ár (24. mynd) og er það í samræmi við tölur frá eBird og rannsóknum Náttúrufræðistofnunar á ábúð fálkasetra. Talið er að fækkunin stafi af fuglaflensu (sjá: [Vöktun fálka 2024](#)). Haförn er enn á hægri uppleið, en varppörin á Íslandi eru nú orðin nærri 90 (25. mynd).




Af þeim vaðfuglum sem sjást hér við land yfir veturinn hefur sendlingum, tildrum og stelkum fækkað síðan um aldamót (26.–28. mynd) en tjald hefur fjölgað (29. mynd). Þar sem einungis hluti þessara stofna sést hér á landi yfir vetrartímann sýnir þetta líklega ekki raunverulegar stofnbreytingar.

Þó svo að strandlínan nái ekki vel yfir kjörsvæði margra spörfugla fæst ágætis sýnastærð ár hvert. Sjá má mikla aukningu hjá auðnutittlingi, glókolli, húsdúfu/bjargdúfu, stara og svartþresti (30.–34. mynd) en hrafn stendur í stað (35. mynd). Margar þessarar tegunda nýta sér trjágróður og mögulegt að auki skógrækt ýti undir fjölgun í þeim stofnum. Merkja má langtíma fækkun hjá snjótittlingum þó að miklar sveiflur séu í fjölda þeirra sem líklega má rekja til veðurfars en breytilegt er í hvaða svæði þeir sækja eftir snjóþunga (36. mynd). Lítið hefur sést af músarrindli síðustu ár en sá stofn er mjög sveiflóttur (37. mynd). Sama má segja um skógarpröst (38. mynd), en þó er talið að sá stofn standi vel og jafnvel hafi fjölgað í honum síðustu ár (Sjá: [Breytingar í fjölda mófugla á Suðurlandi](#)) en langflestir skógarþrestir eru farfuglar og e.t.v. hefur staðfuglum vegnað verr.


Hér fyrir neðan eru birtar vísitölur þeirra 20 helstu tegunda sem koma fram í nógu miklum fjölda á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum.




Sjófuglar




1. mynd. Vísitala fýls á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Fulmarus glacialis in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



2. mynd. Vísitala dílaskarfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1968–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Phalacrocorax carbo in coastal winter bird counts in Iceland, 1968–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




3. mynd. Vísitala toppskarfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Gulosus aristotelis in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




4. mynd. Vísitala teistu á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Cephus grylle in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




Máffuglar




5. mynd. Vísitala svartbaks á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Larus marinus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




6. mynd. Vísitala hettumáfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Chroicocephalus ridibundus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




7. mynd. Vísitala hvítmáfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of *Larus hyperboreus* in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



8. mynd. Vísitala bjartmáfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of *Larus glaucoideus* in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




9. mynd. Vísitala stormmáfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of *Larus canus* in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




10. mynd. Vísitala silfurmáfs á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of *Larus argentatus* in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




Vatnafuglar




11. mynd. Vísitala æðarfugls á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Somateria mollissima in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




12. mynd. Vísitala álfar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1968–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Cygnus cygnus in coastal winter bird counts in Iceland, 1968–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




13. mynd. Vísitala grágæsar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Anser anser in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




14. mynd. Vísitala rauðhöfðaandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Mareca penelope in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




15. mynd. Vísitala urtandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Anas crecca in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




16. mynd. Vísitala straumandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Histrionicus histrionicus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




17. mynd. Vísitala toppandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Mergus serrator in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




18. mynd. Vísitala gulandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Mergus merganser in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



19. mynd. Vísitala hávella á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960 – 2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Clangula hyemalis in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




20. mynd. Vísitala skúfandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1969–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Aythya fuligula in coastal winter bird counts in Iceland, 1969–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




21. mynd. Vísitala stökkandar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960 – 2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Anas platyrhynchos in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



Brúsar




22. mynd. Vísitala lóms á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Gavia stellata in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




23. mynd. Vísitala himbrima á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Gavia immer in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



Ránfuglar




24. mynd. Vísitala fálka á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Falco rusticolus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




25. mynd. Vísitala hafarnar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Haliaeetus albicilla in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




Vaðfuglar




26. mynd. Vísitala sendlings á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Calidris maritima in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



27. mynd. Vísitala tildru á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Arenaria interpres in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




28. mynd. Vísitala stelks á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Tringa totanus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




29. mynd. Vísitala tjalds á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Haematopus ostralegus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




Spörfuglar




30. mynd. Vísitala auðnutittlings á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1984–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Acanthis flammea in coastal winter bird counts in Iceland, 1984–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




31. mynd. Vísitala glókolls á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 2003–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Regulus regulus in coastal winter bird counts in Iceland, 2003–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




32. mynd. Vísitala bjargdúfu/húsdúfu á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Columba livia/domestica in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




33. mynd. Vísitala stara á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Sturnus vulgaris in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




34. mynd. Vísitala svartprastar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Turdus merula in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*




35. mynd. Vísitala hrafns á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Corvus corax in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



36. mynd. Vísitala snjótittlings á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Plectrophenax nivalis in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



37. mynd. Vísitala músarrindils á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Trogodytes troglodytes in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*



38. mynd. Vísitala skógarprastar á strandsvæðum í vetrarfuglatalningum Náttúrufræðistofnunar 1960–2024 samkvæmt TRIM-aðferðinni. Rauðir punktar tákna vísitölu (með staðalskekkju) fyrir fugla miðað við skilgreint grunngildi (árið 2005, vísitala = 1). Þéttleiki fugla var skilgreindur sem fuglar/km af sniði. *Annual population index of Turdus iliacus in coastal winter bird counts in Iceland, 1960–2024 analysed with TRIM. Red dots show population index (with standard error) for birds each year in relation to the base year (2005). Bird density was defined as birds/km transect.*